

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
69. fundur haldinn að Lyngási 12, 27. mars 2015

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Þórhallur Þorsteinsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Jafnframt sátu fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður, og Sævar Þór Halldórsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**
- 2. Deiliskipulagvinna; Geldingafell, Snæfellsskáli og brúarstæði við Kverkjökul**
- 3. Göngubrú yfir Volgu. Niðurstöður úttektar og mælinga**
- 4. Fundir með bæjarráði Fljótsdalshéraðs og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps**
- 5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**
- 6. Önnur mál**

Ruth setti fund kl. 16.25. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 68. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

2. Deiliskipulagsvinna; Geldingafell, Snæfellsskáli og brúarstæði við Kverkjökul

3. Göngubrú yfir Volgu. Niðurstöður úttektar og mælinga

Dagskrárliðir 2. og 3. ræddir samhliða.

Skarphéðinn Smári og Ágúst Þór frá Mannvit komu á fundinn og byrjuðu á að kynna deiliskipulagsvinnu þá sem farið hefur fram vegna þessara þriggja svæða. Vinnan byggir fyrst og fremst á stjórnunar- og verndaráætlun, svæðisskipulagi miðhálandis og aðalskipulögum Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps.

Rætt var um hvert svæði fyrir sig. Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við Snæfellssvæðið en ítrekar umræðu frá síðasta fundi sínum varðandi Hátungusvæðið um stækkun á framkvæmdasvæði. Vegna Geldingafells var bent á að betra væri að skilgreina ekki byggingareitina fyrir ákveðnar byggingar í ljósi þess að trúlega þyrfti að byggja nýjan gistiskála og þá mætti nýta þann gamla sem landvarðahús. Einnig verði skoðað hvort brúarstæða kláfstæði eigi að falla innan deiliskipulagsins.

Ágúst Þór fór yfir úttekt og mælingar vegna brúarstæðis yfir Volgu í Kverkfjöllum. Svæðisráði líst ágætlega á þær hugmyndir sem kynntar voru um brúarframkvæmdirnar. Ljóst er að kostnaður við nýja brú og tilheyrandi leiðigarð verður umtalsverður. Svæðisráð leggur áherslu á að þessum hugmyndum verði fylgt eftir og reynt að fá fjármagn til framkvæmdanna sem fyrst.

Ruth þakkaði þeim Mannvits-mönnum fyrir kynninguna og þeir yfirgáfu fundinn um kl. 17.20.

4. Fundir með bæjarráði Fljótsdalshéraðs og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps

Formaður sagði frá fundum sem hún átti með sveitarstjórnarmönnum í byrjun febrúar. Á þeim var m.a. rætt um F-vegi, sem eru aðkomuleiðir að þjóðgarðinum og margir í slæmu ástandi, og þær slóðir sem eru innan þjóðgarðsins. Vilji er fyrir hendi hjá Fljótsdalshéraði að

taka viðhald á F-vegum fyrir í samstarfi við Vegagerðina. Svæðisráð telur það forgangsattriði að opinbert fjármagn komi í F-vegina sem eru aðkomuleiðir að þjóðgarðinum. Hvað slóðirnar varðar þá telur svæðisráð rétt að kalla saman að nýju fyrir vorið svokallaðan slóðahóp til að fara yfir ástand slóðanna á austursvæðis sem hópurinn kom sér saman um á sínum tíma að yrði haldið opið innan þjóðgarðsins. Starfandi þjóðgarðsverði falið að gera það.

Á fundi með bæjarráði Fljótsdalshéraðs var rætt sérstaklega um upplýsingamiðstöð í Möðrudal. Niðurstaðan úr þeirri umræðu var að sveitarfélögin kringum Möðrudal og fulltrúar þjóðgarðsins funduðu sérstaklega um kynningarmál.

5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar

Ragna Fanney fór yfir hvað þau Sævar væru að vinna um þessar mundir. Stjórnunar- og verndaráætlun er komin frá stjórn og aftur til þjóðgarðsvarða til lokayfirferðar. Verið er að gera Snæfellsstofu klára fyrir opnun enda byrja hópar að koma í næstu viku. Ráðningar standa yfir á sumarstarfsfólki. Sérstakur styrkur fékkst í að bæta salernisaðstöðu við Snæfellskála og er verið að vinna þarfagreiningu vegna þess. Gönguleiðabæklingur fyrir svæðið kringum og austan Snæfells er í vinnslu. Á starfsmannafundi í síðustu viku var farið yfir ýmis mál. Meðal annars er búið að vinna innkaupastefnu og siðareglur eru í vinnslu auk þess sem grænt bókhald var kynnt.

Rætt var um hversu fáir Austfirðingar væru í hópi umsækjenda og hvernig bæta mætti úr því.

6. Önnur mál

a) Upplýsingamiðstöð í Möðrudal. Formaður sagði frá umræðu um þau mál á stjórnarfundum 26. mars. Ljóst er að búast má við meiri umferð gegnum Möðrudal á þessu ári vegna Holuhrauns. Svæðisráð ítrekar því einhug sinn varðandi nauðsyn þess að koma upp upplýsingamiðstöð í Möðrudal með landverði. Sú nauðsyn er enn brýnni vegna Holuhrauns og svæðisráð felur formanni að fylgja þessu máli eftir enn frekar í stjórn og einnig vegabótum við Þríhyrningsá sem eru forgangsmál í ljósi reynslu síðasta sumars.

b) Vorfundur og næsti fundur svæðisráðs. Svæðisráð leggur áherslu á að halda vorfund og kynna Krepputungu sem nýtt svæði innan þjóðgarðsins. Lagt til að fundurinn verði haldinn sumardaginn fyrsta seinnipart dags í Snæfellsstofu og dagskráin verði einföld. Þjóðgarðsverði falið að stilla upp dagskrá í samráði við formann og auglýsa vorfundinn. Næsti svæðisráðsfundur verður haldinn í tengslum við vorfundinn.

c) Fundir með ferðafélögum. Þórhallur sagði að ferðafélögin á Fljótsdalshéraði og Húsavík óskuðu eftir fundi með svæðisráði öllu til að ræða málefni Kverkfjalla of fleira.

Þórhallur yfirgaf fundinn kl. 18.15.

Formaður sagði frá fundi sem hún átti ásamt starfsmönnum þjóðgarðsins með fulltrúum frá Ferðafélagi Húsvíkinga og Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs. Hún fór yfir helstu atriði sem komu fram á fundinum. Krafa er frá ferðafélögunum um að skýra þurfi stefnu um samstarf milli ferðafélaganna og þjóðgarðsins og var sent erindi frá Ferðafélagi Íslands sem rætt var á stjórnarfundum í nóvember.

Svæðisráð austursvæðis leggur til að stjórn fari í formlegar samningaviðræður við ferðafélögin með beinni aðkomu stjórnar, og svæðisráðs ef eftir því verður óska, með það að markmiði að leysa þessi samstarfsmál í eitt skipti fyrir öll.

e) Atvinnustefnan. Skúli Björn spurði um hvar atvinnustefnan stæði. Formaður sagði að beðið væri eftir lagabreytingu til að stefnan tæki gildi. Rætt var um hvort ekki væri rétt að taka umræðu um atvinnustefnuna í lokagerð inni í svæðisráði og verður það skoðað fyrir næsta fund.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.45.

Ruth Magnúsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Björn Ármann Ólafsson

Þórhallur Þorsteinsson